

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Samgöngustofu skv. auglýsingu nr. 338/2015.

#### 1. gr.

Í viðauka I eru felldir út liðir a), b), c), og d) og eftirfarandi liðum bætt við:

- a) Tímagjald A 13.700 kr.
- b) Tímagjald B 10.763 kr.
- c) Tímagjald C 8.758 kr.
- d) Tímagjald D 6.669 kr.

Í stað „Tímagjalds skv. viðauka I, 1. gr. lið c“ komi: Tímagjald skv. viðauka I, 1. gr. lið a, í eftirfarandi gjaldaliðum:

- 1.1.71 Formleg staðfesting á heimildum.
- 1.1.80 Í sérstökum tilvikum skal greiða fyrir mat og/eða vottun á gögnum sem fylgja umsókn um réttindi eða heimildir fyrir hverja klukkustund sem matið/vottunin tekur. Þetta á við í sérstökum tilvikum ef afla þarf auka gagna eða fá umfjöllun sérfræðinga umfram það sem hefðbundið er. Umsækjanda skal gerð grein fyrir væntanlegum kostnaði fyrirfram.
- 2.1.1 Greiða skal fyrir útgáfu og breytingar á starfsleyfum og skráningu vegna rekstrar, mat og/eða vottun á gögnum sem fylgja umsókn um réttindi eða heimildir fyrir hverja klukkustund sem matið/vottunin tekur. Einnig ef nauðsynlegt er að gera úttekt vegna matsins/vottunarinnar. Heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar á gögnum, úttektum og allra samskipta meðan á mats- og/eða vottunarferli stendur, sbr. gr. 10.1.
- 2.1.11 Útgáfa vottorðs til staðfestingar á lofthæfi.
- 2.1.12 Útgáfa hljóðstigsvottorðs.

Í stað „Tímagjalds skv. viðauka I, 1. gr. lið b“ komi: Tímagjald skv. viðauka I, 1. gr. lið a, í eftirfarandi gjaldalið:

- 2.1.3 Veiting undanþágu frá ákvæðum laga um stærð og þyngd ökutækja.

Í stað „Tímagjalds, sbr. viðauka I, 1. gr. lið c“ komi: Tímagjald skv. viðauka I, 1. gr. lið a, í eftirfarandi gjaldaliðum:

- 4.1.4 Breyting á skráningu loftfars í flutningaflugi og/eða loftfars í eigu erlendra aðila.
- 4.1.5 Afskráning loftfars.
- 4.1.6 Endurútgáfa lofthæfivottorðs/lofthæfistaðfestingavottorðs.
- 4.1.7 Fari vinna við umskráningu umfram 80 klst. skal greiða tímagjald eftir það skv. viðauka I, 1. gr. lið a.
- 6.3.2 Fari vinna tengd flugleiðsöguþjónustu fram yfir 5,8 ársverk skal greiða tímagjald, skv. viðauka I, 1. gr. lið a. til viðbótar gjaldi skv. gr. 6.3.1.
- 6.4.4 Komi í ljós að gögn vanti, að gögn séu ófullkomin eða þeim ábótavant, t.d. vanti áritun löggilts endurskoðanda á endurskoðaða ársreikninga o.fl., skal Samgöngustofu heimilt að krefjast gjalds vegna yfirferðar þeirra í samræmi við viðauka I, 1. gr. lið a, sbr. gr. 22.3 í gjaldskrá þessari.
- 6.10.4 Vottun og viðurkenning á hvers konar breytingum, t.d. kennslu, hjálfun og búnaði.
- 6.10.5 Fjárhagsmat skv. reglugerð um flugskóla.
- 6.10.6 Endurútgáfa á kennsluleyfum vegna breytinga.
- 6.12.1 Eftirlit með skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu.
- 6.13 Eftirlit með skóla fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta.
- 6.14.1 Eftirlit með flugprófunarþjónustu.
- 6.14.2 Eftirlit með hjálfunarbúnaði (rekstri flugherma og flugþjálfra).
- 6.19.1 Eftirlit með útleigu loftfara í atvinnuskyni.

- 7.3 Greiða ber fyrir eftirlitsmann í flughermi erlendis og héraendis eftir því sem við á hverju sinni samkvæmt tímagjaldi, skv. viðauka I, 1. gr. lið a, að hámarki 8 klst. á degi hverjum.
- 12.6 Almennt er ekki tekið gjald fyrir liði 12.1-12.6 enda sé um einstaka viðburði að ræða og ekki þörf á að kalla eftir viðbótargögnum, votta gögn eða gera sérstakar úttektir. Ef þess er þörf er greitt tímagjald fyrir þá vinnu, sbr. viðauka I, 1. gr. lið a.
- 12.7 Yfirferð vátryggingaskilmála.
- 12.8.1 Sé þörf á öflun gagna við afgreiðslu á umsókn um yfirflugsheimild.
- 12.8.3 Sé ítarlegrar úttektar og gagnaöflunar þörf.
- 12.9 Lendingarheimild sem þarfnast sérstakrar yfirferðar og skoðunar af hendi Samgöngustofu. Átt er við loftför sem ekki er ljóst hvort uppfylla sambærilegar flugöryggislegar kröfur og íslensk skráð loftför. Þetta á ekki við um loftför frá aðildarríkjum EES-samningsins.
- 12.10 Leigu- og áætlunarflugsheimildir sem þarfnast sérstakrar yfirferðar og skoðunar af hendi Samgöngustofu.
- 13.1 Vegna samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar og framsals á eftirlitsskyldu, er greitt skv. tímagjaldi.
- 14.1 Vegna sérstakrar þjónustu sem óskað er eftir vegna vottunar, viðurkenningar, samþykktar á lofthæfiástandi loftfars (e. Flight condition), prófunar eða veitingar heimilda.

Í stað „Tímagjalds, sbr. viðauka I, 1. gr. lið f“ komi: Tímagjald skv. viðauka I, 1. gr. lið c, í eftirfarandi gjaldaliðum:

- 4.1.17 Samþykki teikninga af ökutæki.
- 6.21.13 Gjald fyrir sérfræðiþjónustu v/skráningar á ökutækjum utan Evrópusambandsins.
- 7.6.4 Hæfnispróf leigubílstjóra.
- 7.6.5 Ökukennarapróf.
- 7.6.6 Úttekt á ökugerði.
- 8.1 Starfsleyfi skoðunarstöðva ökutækja.
- 8.2 Skráning nýrrar skoðunarstöðvar/umboðs ökutækja.
- 14.2 Samþykki teikninga af ökutæki.
- 15.1.16 Árlegt eftirlitsgjald vinnsluaðila ökutækjaskrár.
- 15.3.7 Gagnaleit skráningaupplýsinga.
- 17.1 Umsýsla ADR námskeiða – leyfisgjald.
- 17.2 Umsýsla ADR námskeiða – prófagjald.
- 19.3.1 Skönnun teikninga (hver eining 30 mín.) 5.382 kr./ein.

## 2. gr.

Gjald fyrir upplýsingavinnslu úr ökutækjaskrá verður eftirfarandi:

|         |  |             |
|---------|--|-------------|
| 15.1.1  | Aðgangsgjald   | 309.996 kr. |
| 15.1.2  | Rafrænn aðgangur, hvert fastanúmer                     | 23 kr.      |
| 15.1.3  | Ferilskýrsla ökutækis, hvert fastanúmer                | 82 kr.      |
| 15.1.4  | Rafrænn aðgangur, hver kennitala                       | 657 kr.     |
| 15.1.5  | Aðgangsgjald tækniveitu                                | 246.409 kr. |
| 15.1.6  | Áskrift í mánuð, sviðsgjald                            | 2.046 kr.   |
| 15.1.7  | Áskrift í mánuð, ferilsgjald                           | 10.226 kr.  |
| 15.1.8  | Áskrift, uppfærslugjald (línugjald), hverjar 100 línur | 205 kr.     |
| 15.1.9  | Markaðstölur mánaðarins                                | 33.612 kr.  |
| 15.1.10 | Markaðstölur vikunnar                                  | 9.096 kr.   |
| 15.1.11 | Markaðstölur ársins, almanaksárið                      | 41.044 kr.  |
| 15.1.12 | Tímagjald, að lágmarki innheimt fyrir hálf klst.       | 13.700 kr.  |
| 15.1.13 | G: Grunnagjald   | 821 kr.     |
| 15.1.14 | S: Svæðisgjald, hvert leitar- og niðurstöðusvæði       | 238 kr.     |
| 15.1.15 | L: Línugjald, hver lína í niðurstöðu                   | 1,9 kr.     |

3. gr.

Gjaldaliður 6.3.1 verður svohljóðandi:

Starfsleyfishafar sem sinna flugleiðsöguþjónustu skulu greiða fyrir 5,8 ársverk sérfræðinga Samgöngustofu. Kostnaður við ársverk skal reiknaður út frá tímagjaldi, skv. viðauka I, 1. gr. lið a og margfaldaður með 1.720 klst. á ári. Skipting kostnaðar milli starfsleyfishafa er þessi:

Rekstrareining sem er eingöngu með veðurþjónustu greiði 4%.

Rekstrareining sem er eingöngu með fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu (CNS) greiði 16%.

Rekstrareining sem er með bæði fjarskipta-, leiðsögu- og kögunarþjónustu (CNS) og rekstrarstjórnun flugumferðar (ATS) greiði 30%.

Rekstrareining sem er með alla þætti flugleiðsögu (ANS) greiði 50%.

Ennfremur skal greiða fyrir alla aðkeypta sérfræðiþjónustu, sbr. gr. 10.3.

4. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Auglýsing þessi er sett með heimild í III. kafla, sbr. 3. mgr. 13. gr. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 11. nóvember 2015.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*